

Ár 1978, miðvikudaginn 27. september, var í málinu nr. 2/1978 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :


Málavextir eru þeir, að með bréfi, dags. 17. janúar 1977, kærði Verslun o. Ellingsen h/f til Fasteignamats ríkisins fasteignamat lóðarinnar nr. 28 við Mýrargötu í Reykjavík, en lóð þessi er ásamt mannvirkjum eign nefnds hlutafélags. Þeirri kröfu var hafnað með úrskurði Fasteignamats ríkisins frá 17. mars 1977. Félagið kærði síðan fasteignamat lóðarinnar til Yfirfasteignamatsnefndar með bréfi hinn 7. mars 1978.

Umrædd lóð er 3569 m² að stærð og metin á kr. 69.305.000,- í fasteignaskrá þeirri, sem tók gildi frá og með 31. desember 1977. Lóðin og mannvirki á henni eru nýtt í þágu verslunarreksturs kæranda. Um er að ræða lóð á horni Mýrargötu og Grandagarðs, og verður að telja hana liggja vel við verslun og viðskiptum. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja frá borgaryfirvöldum í Reykjavík, verða ekki innheimt gatnagerðargjöld af þeim byggingum, sem samþykktar hafa verið á lóðinni.

Með hliðsjón af athugun á lóðarverði í Reykjavík í kaupum og sölu svo og öðrum þeim atriðum, sem máli skipta, þykir fasteignamatsverð lóðarinnar hæfilega ákveðið kr. 57.104.000,- og er þar miðað við verðlag 1. nóvember 1977, sbr. l. mgr. 17. gr. laga nr. 94/1976 um skráningu og mat fasteigna. Gildir þessi ákvörðun um fasteignamat það, sem öðlaðist samkvæmt framansögðu gildi hinn 31. desember 1977.

Ú r s k u r ð a r o r ð :


Fasteignamat lóðarinnar nr. 28 við Mýrargötu í Reykjavík. ákveðst kr. 57.104.000,-



Gaukur Jörundsson.



Torfi Ásgeirsson.



Guðmundur Magnússon.